

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

6. desember 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) 2. varamaður sem tók sæti aðalmanns vegna fjarveru Völvu Árnadóttur gjaldkera og Pétur Gunnarsson (PG) 4. varamaður..

Á fjarfundi: Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) 3. varamaður

Boðuð forföll: Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) 1. varamaður

1.	<b>Fundur settur</b>	Fundargerð frá 10.10. er búið að samþykkja formlega af meirihluta fundarmanna í tölvupóstum.		Friðrik
2.	<b>Afmælishátíðin</b>	Afmælishátíðin sem var haldin þann 12. nóvember í Veröld þótti takast afar vel og var mikla ánægju að heyra á gestum og eins þeim sem fylgdust með á streymi. Sérstaka ánægju vakti að bæði Guðni Th. Jóhannesson og Vigdís Finnbogadóttir voru sérstakir gestir hátíðarinnar, auk þess sem Lilja Alfreðsdóttir ráðherra ávarpaði hana. Mörg fróðleg erindi voru flutt og skemmtileg söngatriði, en kynnir var Örn Árnason, leikari og leiðsögumaður, og fórst það afar vel úr hendi. Húsfyllir var og ríflega það, en um 150 manns sóttu hátíðina og um 350 manns hafa horft á upptöku frá henni. Útgjöld vegna hátíðarinnar eru innan áætlunar, en samþykkt hefur verið að Endurmenntunarsjóður veiti smástyrk til hátíðarinnar vegna þeirra fræðandi erinda sem þar voru flutt og streymt.	U	Friðrik
3.	<b>Auka-aðalfundur</b>	Auka-aðalfundur verður haldinn fimmtudaginn 8. desember kl. 17:00 í húsnæði félagsins. Halldór Oddsson, lögmaður ASÍ, verður fundarstjóri. Aðalatriðið á dagskrá fundarins er að greiða atkvæði um upphæð aðildargjaldsins. Tillaga frá í vor hljóðar upp á að aðildargjaldið verði óbreytt frá síðustu árum, eða 9000 kr. Tillöguna þarf að kynna í loka-fundarboði. Kosning verður rafræn og opnast 17:15 og lokast 17:45, en Filmís setur upp kosninguna. Starfsmaður skrifstofu og SSS sjá um að gildir félagalistar liggja fyrir.	U Á	Friðrik
4.	<b>Staða kjaraviðræðna</b>	SSS formaður Kjaranefndar segir frá starfi viðræðunefndar, vinnu við kröfugerðina o.fl. því tengt. Fyrst semja stóru félögin áður en það kemur að okkur, og reikna má með að samningar stóru félaganna verði hafðir til hliðsjónar við önnur smærri stéttarfélög. Nú er Starfsgreinasambandið búið að semja gegn vilja VR og Eflingar og staðan óviss, en þó frekar líkur á samningum til skemmri tíma. Aðaláherslan hjá Leiðsögn er launaliðurinn og svo ýmsar orðalagsbreytingar í kjarasamningnum. Rætt um að leggja áherslu á launaflokka miðað við starfsaldur og reynslu, svo gerður sé meiri greinarmunur á reynsluboltum og nýgræðingum í faginu. Einnig umræða um ökuleiðsögn og tilraunir ferðaskrifstofa til að lækka þeirra laun.	U	Snorri
5.	<b>Erindi frá félagsmanni um</b>	Borist hefur formlegt erindi frá félagsmanni þar sem hann ræðir þá aðstöðu sem leiðsögumönnum og bílstjórum er	U	Friðrik

	<b>aðstöðuna í Bláa lóninu</b>	boðið upp á í Bláa lóninu. Samdóma álit er að hún sé ekki góð, þarna er oft 2-3 klst. bið og geta verið allt að 20 manns í þessu litla rými. Kemur fram að aðili frá Bláa lóninu hefði farið um og beðið aðra ferðaþjónustaðila um að draga úr þjónustu sinni við leiðsögumenn og bílstjóra, en það hefði ekki hlotið hljómgrunn annars staðar. Samþykkt að stjórn sé í erfiðri stöðu að senda bréf með kröfu um úrbætur, það er hverjum og einum ferðaþjónustuaðila í sjálfsvald sett hvernig þeir haga þessu, en augljóst að leiðsögumenn eru velkomnari á sumum stöðum en öðrum og kunna vel að meta það, en mega líka huga að því að misnota ekki slíkan velvilja, eins og dæmi eru því miður um.	Á	
6.	<b>Erindi frá Landvernd</b>	Formaður greinir frá erindi sem hefur borist frá Tryggva Felixsyni, um að Landvernd og Leiðsögn sameinist um að skrifa grein um m.a. miklar virkjana-hugmyndir og eins þann vanda sem getur hlotist af óheftri fjölgun ferðamanna hingað til lands. Gott samstarf hefur alla tíð verið milli Leiðsagnar og Landverndar og hafa sjónarmið oft farið saman í umhverfisverndarmálum. Samþykkt að þeir FR og TF fari yfir punkta sem Tryggvi hefur sent og vinni að birtingu greinar í fjölmiðlum fljótlega eftir áramótin.	U Á	Friðrik
7.	<b>Önnur mál</b>	A) GME segir frá því að Hermann Valsson hafi haft samband við Fræðslunefnd og vilji kynna fyrir leiðsögumönnum verkefni sitt um „stafræna leiðsögumenn“. Samþykkt að hann kynni þetta fyrst fyrir stjórninni og síðan verði tekin afstaða til þess. b) Farið yfir nokkrar spurningar sem hafa borist frá starfsmanni skrifstofu um skírteini faglærðra leiðsögumanna, m.a. um límmiðana o.fl.. Samþykkt að leita tilboða í ný skírteini sem beri nafn og númer leiðsögumanns ásamt ártali. Skírteini þessi hafa verið ókeypis fyrir faglærða leiðsögumenn og þykir rétt að halda því áfram. Nýútskrifaðir greiða ekki aðildargjald fyrsta árið. Rætt um að 67 ára og eldri greiði aðeins hálf aðildargjald. Einnig rætt um nauðsyn þess að faghópur faglærðra verði stofnaður og æskilegt að hann taki að sér fagmatið, líkt og var. Stjórn hefur of mikið á sinni könnu til að geta sinnt því og ekki er það innan verkahringis Fagráðs. Einnig þarf að bjóða öðrum að gerast faghópur innan Leiðsagnar, eins og t.d. ökuleiðsögumönnum og fjallaleiðsögumönnum. c) Valva sendi erindi en hún hefur kynnt sér reglur hjá öðrum stéttarfélögum um greiðslur og réttindi aðila eftir 70 ára aldur. Hugsanlega þarf að íhuga lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, m.a. hjá Sjúkrasjóði. En ef félagsmaður greiðir iðgjöld þá á hann réttindi, sama á hvað aldri hann er.	U U U	Guðný

## Fundi slitið 18:32

Fundargerð staðfest: